

FRÉTTIR MÁNAÐARINS

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri ráðin til Eims

Í ágúst var ráðið í tvær stöður hjá Eim. Sesselja Ingibjörg Barðdal var ráðinn framkvæmdastjóri og Ottó Elíasson sem rannsóknar- og þróunarstjóri.

Sesselja er eigandi og fyrrum framkvæmdastjóri Kaffi Kú og hefur komið að framþróun í ferðaþjónustu og meðal annars situr hún í stjórnnum Ferðamálafélags Eyjafjarðarsveitar og Stefnumótunar heilsárferðaþjónustu í Eyjafjarðarsveit. Sesselja er með BA gráðu í lögfræði frá HA og MBA gráðu frá HÍ.

Ottó er með doktorspróf (Ph.D.) og M.Sc. gráðu í tilraunaæðlisfræði frá Árósrháskóla í Danmörku. Áður útskrifaðist Ottó með B.Sc. gráðu í eðlisfræði frá Háskóla Íslands. Hægt er að finna frekari upplýsingar um verkefnið Eim [hér](#).



Opnun Demantshringins

Sunnudaginn 6. september 2020 verður formleg opnun á Demantshringnum og af því tilefni verður klippt á borða við áningarstað ofan við Vesturdal. Formleg athöfn hefst stundvíslega kl.13:00



SSNE FUNDAR

Starfsmenn og stjórn SSNE komu saman til fundar á Húsavík til að ræða starfs- og fjárhagsáætlun og fyrirliggjandi verkefni.

26. ágúst síðastliðinn var haldinn fyrsti vinnufundur stjórnar og starfsfólks SSNE. Þar gafst stjórn og starfsfólki tækifæri til að kynna sig og verkefni sín. Mikil og góð umræða varð um áherslur SSNE og forgangsverkefni í Sónaráætlun. Ástandið í samfélaginu var sérstaklega rætt og hvernig má spegla það í áherslum Sónaráætlunar.



Á myndunum má sjá starfsmenn og stjórn SSNE ræða málin. Passað var upp á fjarlægðarreglur og spritt var í hávegum haft.

Tekist á við áskoranir í kjölfar Covid

Ákveðið var að halda áfram með samráðsteymi til stuðnings við þau sveitarfélög sem voru metin hvað viðkvæmust vegna tekjufalls í ferðaþjónustu bæði með áframhaldandi samvinnu og fjárframlagi.

Úthlutað var til Skútustaðahrepps 32 milljónum. Skútustaðahreppur hefur í samvinnu við Þingeyjarsveit verið að vinna að verkefninu Nýsköpun í norðri undanfarin ár og innifelur verkefnið sér sex aðgerðir. Einnig vinnur hreppurinn að Hamingjuverkefni. Öll sú vinna mun nýtast vel til að koma fjármagninu í farveg.

Hægt er að sjá meira um verkefnið Nýsköpun í norðri á thingeyingur.is.

ÍBÚAKÖNNUN Á ÍSLANDI

Landshlutasamtök sveitarfélaga standa sameiginlega að íbúakönnun á Íslandi. Könnunin tekur til þátta varðandi almenna velferð íbúa, ánægju þeirra og framtíðaráform, vinnumarkað og búsetuskilyrði. Er hún hugsuð sem mikilvægt greiningartæki fyrir sveitarstjórnarfólk og aðra sem sinna byggðamálefnum. Þeir sem lenda í úrtaki munu fá tölvupóst föstudaginn 28. ágúst þar sem óskað er eftir þátttöku þeirra.

SSNE hvetur alla þá sem lenda í úrtaki að svara spurningakönnuninni til að niðurstöðurnar verði sem marktækastar – hvert svar hefur mikla þýðingu.

Þetta er í fyrsta sinn sem könnunin nær til landsins alls, en samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa um árabíl gert könnun á sínu svæði og undanfarin ár hafa fleiri landshlutasamtök tekið þátt. Vífill Karlsson, hagfræðingur hjá SSV leiðir þessa vinnu í samráði við landshlutasamtökin, en hann hefur einnig staðið fyrir fyrirtækjakönnun á Vesturlandi um árabíl sem einnig hefur verið útvíkkuð til annarra landshluta, og tók Norðurland eystra þátt í henni 2018. Stefnt er að því að báðar þessar kannanir verði framkvæmdar reglulega, en með því fást mikilvægar upplýsingar um breytingar. Hægt er að sjá meira um könnunina hér.



RÆKTUN Á RÓFUM

Eitt þeirra spennandi framfaraverkefna sem er í fullum gangi í Öxarfjarðarhéraði er rófurækt á Presthólum. Forsvarsmenn verkefnisins sáu tækifæri til að hefja rófurækt á svæðinu á síðastliðnu ári í ljósi þess að vöntun var þá á rófum á markaði.

Þá var þetta ekki síður tækifæri til þess að breikka nýtingu jarðarinnar talsvert, en fyrir er sauðfjarrækt og blóðmerar. Verkefnið passar einnig sérlega vel að markmiðum Öxarfjarðar í sókn um framsækni í matvælaframleiðslu með ræktun á grænmeti. Í ár var alls sáð í um einn hektara og má vænta þess að uppskeran verði á bilinu 10-20 tonn. Vel hefur gengið að selja afurðirnar og þá er stefnt að því að auka framleiðsluna þegar á næsta ári en forsendur breytast talsvert þegar vinnsluástaða verður tilbúin.

Verkefnið hlaut í ár fjárveitingu úr styrktarsjóði Öxarfjarðar í sókn og Sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir áframhaldandi uppbyggingu á vinnsluástöðu við Katastaði, en þar verður hægt að geyma, þrifa og pakkar rófurarnar án þess að það þurfi að flytja þær langa leið.



ÝMISLEGT

Ársþing SSNE 2020

Fyrsta ársþing SSNE verður haldið 9. og 10. október í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit. Samkvæmt samþykktum skal ársþingið haldið eigi síðar en í apríl en vegna aðstæðna í

þjóðfélaginu var því frestað. Þingið verður haldið en það aðlagð að aðstæðum sem uppi verða á þessum tíma. Samkvæmt 3. grein samþykktu SSNE fara þing með æðsta vald landshlutasamtakanna, þingið er skipað fulltrúum aðildarsveitarfélaganna og er þeim ætlað að tryggja lýðræðisleg aðkomu allra aðildarsveitarfélaga að málefnum SSNE. Vera vettvangur ákvarðanatöku um mikilsháttar málefni þeim og stjórn til leiðbeiningar í veigamiklum málum.

NORA styrkir samstarfsverkefni

Norræna atlantssamstarfið (NORA) styrkir samstarf á Norður Atlantssvæðinu. Tvisvar á ári eru veittir verkefnastyrkir til samstarfsverkefna á milli Íslands og a.m.k. eins annars á NORA svæðinu, það er Grænlands, Færeyja eða strandhéraða Noregs. Seinni úthlutun ársins stendur frammi fyrir dyrum og er umsóknarfrestur til 5. október 2020.

Þau svið sem helst eru styrkt eru eftirfarandi:

- Skapandi greinar
- Græn orka
- Lífhagkerfi
- Sjálfbær ferðaþjónusta
- Upplýsinga- og fjarskiptatækni
- Velferðarþjónusta
- Öryggismál/viðbúnaður á hafi

Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja ungt fólk á Norður-Atlantssvæðinu. Með því er ætlað að takast á við hinar lýðræðilegu áskoranir, einkum þær sem tengjast brottflutningi ungs fólks af svæðinu. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar [hér](#).

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Nú er allt komið á fullt hjá okkur eftir sumarleyfin og verkefnin er mörg og fjölbreytt. Nýi verkefnastjórinn, Rebekka, er mætt til starfa í starfsstöðinni á Akureyri og Baldvin að flytjast til Húsavíkur. Í húsnæðinu okkar á Húsavík standa nú yfir framkvæmdir og hætt við því að einhver röskun verði á viðveru á staðnum á meðan þær standa yfir. En vonir standa til að það verði ekki lengi.

Undirbúningur fyrir ársþingið sem verður 9. og 10. október næstkomandi er í fullum gangi og mega þingfulltrúar eiga von á dagskrárdrögum og þinggögnum á næstu dögum. Þetta er fyrsta ársþing SSNE og margt sem þarf að ræða og taka ákvörðun um. Virk þátttaka í ársþingi er gríðarlega mikilvæg en þing SSNE fara með æðsta vald landshlutasamtakanna. Þar gefst því tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif. Í samþykktum SSNE: <https://www.ssne.is/is/um-ssne/samthykkir> er m.a. kveðið á um þing samtakanna, þingfulltrúa, dagskrá o.fl.

Rétt er að minna á að endurskoðun byggðaaætlunar er í gangi og á heimasíðu Byggðastofnunar er samráðsgátt sem opin er til og með 11. september og er hana að finna [hér](#).

Samráðsgáttin er aðeins fyrsta skrefið í þessu mikilvæga verkefni en þar gefst gott tækifæri til að koma gagnlegum ábendingum á framfæri.



Breytingar í gangi á Garðarsbraut 5.

Gagnatorg

Gagnatorg hefur verið opnað á vef Byggðastofnunar. Á Gagnatorginu eru lýðfræðilegar upplýsingar um íbúabróun fyrir allt landið, eftir landshlutum, sveitarfélögum, kyni, aldri, ríkisfangi og fjölskyldugerð.



Auk þess eru upplýsingar um íbúaveltu, framfærsluhlutfall og lýðfræðilega veikleika. Gagnatorgið má nálgast [hér](#).

Framfarasjóður Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum í framfarasjóð samtakanna. Markmið sjóðsins er að styðja við og þróa framfaramál tengd iðnaði með áherslu á verkefni sem lúta að:

- Eflingu menntunar fyrir atvinnulífið með áherslu á iðn-, verk- og tækninám
- Nýsköpun sem styrkir framþróun í iðnaði
- Framleiðniaukningu með áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi

Alltaf er hægt að senda inn umsóknir en tvisvar á ári er fer stjórn sjóðsins yfir umsóknir, í febrúar og september. Í ár er hægt að senda inn umsóknir til 10. september til að ná seinni úthlutun árið 2020.

Einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki geta sótt inn umsóknir. SSNE hvetur alla til að skoða vel hvort einhver verkefni geti heyrt undir sjóðinn. Hægt er að finna allar upplýsingar [hér](#).

Heimasíða og Facebook SSNE

Við minnum lesendur fréttabréfsins á [heimasíðu SSNE](#) og [facebook](#) síðu, þar sem hægt er að fylgjast enn frekar með.

Einnig er hægt að skrá sig í áskrift að fréttabréfinu [hér](#).

COVID UPPLÝSINGASÍÐA

Starfsfólk SSNE tók saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að koma til móts við rekstrarvanda sem skapast getur vegna Covid. Markmiðið er ekki að endurskrifa allt það efni sem til er á netinu heldur að vera veita inn á viðeigandi úrræði. Síðuna má finna [hér](#).